

25. maí 2011
SÍ-75247

Nefndasvið Alþingis
nefndasvid@althingi.is
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Með tölvupósti dags. 20. maí 2011, óskaði efnahags- og skattanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, 824. mál.

Frumvarp þetta er lagt fram í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við nýundirritaða kjarasamninga á almennum vinnumarkaði. Í frumvarpinu kemur þó aðeins fram lítil hluti þess sem í yfirlýsingunni felst. Afkomuáhrif frumvarpsins á ríkissjóð eru því minni en áhrif yfirlýsingarinnar, komi þær aðgerðir sem þar eru kynntar allar til framkvæmda.

Afkomuáhrif yfirlýsingarinnar í heild eru samkvæmt fyrsta mati Seðlabanka Íslands það mikil að óljóst er hvort fjármálareglan sem ríkisstjórnin setti sér í fjárlögum 2011 haldi, en hún kveður á um tveggja ára fastákveðið útgjaldþak.

Í frumvarpinu eru þær aðgerðir sem kveðið er á um í yfirlýsingunni taldar hafa fyrst og fremst áhrif á tekjuöflun ríkissjóðs vegna breytinga á persónuafslætti og sköttum á fyrirtæki. Seðlabankinn gerir ekki athugasemd við kostnaðarmat fjármálaráðuneytisins á beinum áhrifum breytinganna á afkomu ríkissjóðs, en bendir þó á að áhrifin eru háð þróun verðbólgu á næstu misserum. Verði verðbólga meiri en nýlegar spár gefa til kynna gæti kostnaðurinn verið vanmetinn.

Í athugasemdum við frumvarpið er fullyrt að vegna hærri ráðstöfunartekna og aukinnar atvinnu muni það hafa jákvæð áhrif á tekjur ríkissjóðs til lengri tíma litið að hækka persónuafsláttinn og lækka skatta á fyrirtæki. Þessi fullyrðing virðist hæpin. Flestar rannsóknir og reynslurök benda til þess að óbein áhrif skattalækkana nái ekki að vega upp bein kostnaðaráhrif á afkomu hins opinbera.

Að öðru leyti gerir Seðlabanki Íslands ekki athugasemdir við frumvarp þetta.

Virðingarfyllt

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Arnór Sighvatsson
aðstoðarseðlabankastjóri

Þórarinn G. Pétursson
aðalhafþingur